

## Þingflokksfundur Pírata

Föstudaginn 15. september 2017 kl. 10:00 - 19:30

Nr. 2/147

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson (í síma), Eva Pandora Baldursdóttir, Gunnar Hrafn Jónsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Erla Hlynisdóttir, Kristján Gunnarsson, Eiríkur Rafn Rafnsson og Baldur Karl Magnússon sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

*Athugasemd: Fundurinn var ekki boðaður með lögformlegum fyrirvara.*

#### 1. Staðan og strategía

Rætt um stöðuna á Alþingi og hjá ríkisstjórninni og mögulegar sviðsmyndir í framtíðinni. Rætt um möguleikann á kosningum vs. möguleikanum á starfstjórn og möguleikanum á meirihluta stjórn. Samin var yfirlýsing sem send var á fjölmiðla. Ákveðið að ræða við forsvarsmenn annarra flokka um ríkisstjórnarsamstarf.